

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Gunnar Aron Ólason
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 6. ágúst 2021
UST202107-232/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulagsbreyting - Skollagróf í Hrunamannahreppi


Vísað er til erindis Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. dags. 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi vegna fyrrhugaðrar efnistöku í Skollagróf í Hrunamannahreppi.

Ráðgert er að taka allt að 40.000 m³ á um 2 ha svæði og mun samhliða fara fram frekari efnisvinnsla. Fram kemur í greinargerð að hér sé um efnistöku að ræða á svæði sem þegar hefur verið raskað við efnistöku.

Umhverfisstofnun telur að við skipulag efnistökunnar verði gerð grein fyrir hvernig staðið verði að frágangi að vinnslu lokinni og jafnframt hvort unnt verði að aðlaga efnistökusvæðið að nánasta umhverfi samfara efnistökunni, t.d. með því að takamarka vinnsludýpi.

Að öðru leyti gerir Umhverfistofnun ekki athugasemdir við lýsinguna.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnes Þórkelsdóttir
Sérfræðingur